

Nd.

13. Breytingartillögur

[8. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 14. maí 1955, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Jóni Sigurðssyni og Steingrími Steinþórssyni.

Aftan við 1. gr. bætist nýir töluliðir:

1. C. 30 orðist svo:
Sæmundarhliðarvegur: Af Sauðárkróksbraut hjá Geitagerði á Norðurlandsveg austan Vatnsskarðs.
2. Á eftir C. 32 komi nýr liður:
Héraðsdalsvegur: Af Skagafjarðarvegi við Svartárbrú, hjá Reykjum, um Héraðsdal á Skagafjarðarveg við fyrirhugaða brú á Héraðsvötnum hjá Flata-tungu.
3. C. 34 orðist svo:
Austurdalsvegur: Af Vesturdalsvegi hjá Goðdölum, yfir Jökulsárbrú vestri að Skatastöðum og þaðan yfir væntanlega brú á Jökulsá eystri að Merkgili.
4. Á eftir C. 34 komi tveir nýir liðir:
 - a. *Kjálkavegur*: Af Skagafjarðarvegi hjá Flatatungu að Gilsbakka.
 - b. *Norðurárdalsvegur*: Af Skagafjarðarvegi sunnan Norðurárbrúar hjá Skeljungshöfða um Norðurárdal að Borgargerði.
5. Á eftir C. 37 komi nýr liður:
Hegranesvegur vestri: Af Hofsóssvegi hjá Hellulandi að Keldudal.
6. Á eftir C. 38 komi nýr liður:
Hjaltadalsvegur: Af Hólavegi í Kjarvalsstaðanesi, vestan Hjaltadalsár að Hrafnhóli.
7. Aftan við C. 39 bætist: með álmu um Unadal að Hrauni.
8. Á eftir C. 39 komi nýr liður:
Sléttuhliðarvegur: Af Siglufjarðarvegi við Hrollaugsdalsárbrú, austan Sléttuhliðarvatns á Siglufjarðarveg hjá Keldum.
9. Á eftir C. 40 komi nýr liður:
Sléttuvegur: Af Siglufjarðarvegi hjá Sléttu að Skeiði.